

Mannréttindaskrifstofa Íslands
Laugavegi 7 - 101 Reykjavík

Sími: 552 2720 - Fax: 552 2721 Netfang: icehr@humanrights.is

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Mannréttindaskrifstofu Íslands – MRSÍ - hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um talsmann útlendinga á Íslandi, lögð fram á 127. löggjafarþingi, 2001 – 2002, 52 mál. Gert var ráð fyrir að umsögn þessi bærist fyrir 15. mars en vegna ferðar undirritaðrar erlendis var ekki unnt að koma henni í tæka tíð. Brýnt þykir þó að fram komi afstaða MRSÍ til máls þessa.

Á undanförunum árum hefur fjöldi útlendinga leitað til Mannréttindaskrifstofu Íslands með ósk um aðstoð við að leita réttar síns í ýmsum efnum. Hafa þar verið á ferð bæði svonefndir hælisleitendur – fólk sem leitað hefur eftir landvist á Íslandi sem flóttamenn – og fólk af ýmsum þjóðernum, sem þegar hafa dvalar – og atvinnuleyfi. Þar sem skrifstofan hefur ekki á stefnuskrá sinni – hvað þá bolmagn til – að vinna að réttindamálum einstaklinga hefur orðið að láta við sitja að reyna að leiðbeina þessu fólki um refilestígu réttarkerfisins og stjórnsýslunnar, benda því á leiðir og stofnanir að leita til. Hefur þetta tekið mikinn tíma frá öðrum störfum, sem MRSÍ er samkvæmd stofnskrá og samþykktum ætlað að vinna enda takmarkað hversu miklu hinn eini starfsmaður hennar fær komið í verk.

Þess er að vænta að lögfræðingur hins nýja Alþjóðahúss í Reykjavík, sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru að koma á laggirnar, taki við þessari ráðgjafarstarfsemi þegar fram líða stundir, að hluta til a.m.k en búast má við að starfsemi hússins verði nokkuð bundinu höfuðborgarsvæðinu.

Fjöldi fólks hefur þörf fyrir ýmiss konar réttaraðstoð, bæði efnalitlir Íslendingar og útlendingar, en heimamenn eru þó sýnu betur og allt öðru vísi settir en útlendingar, sem oft hafa enga eða takmarkaða íslenskukunnáttu, hvað þá þekkingu á íslenska réttar- og stjórnsýslukerfinu og eru jafnframt oft hingað komnir úr aðstæðum sem hafa vakið þeim ótta við stjórnvöld hvers konar. Þeir hafa því brýna þörf fyrir sérstakan talsmann, sem þeir geta treyst til að vinna af heilindum af málum þeirra.

Ekki er þó einsýnt, að besta leiðin í þeim efnum sé að setja á stofn nýtt embætti umboðsmanns. Væri að mati MRSÍ æskilegra að sjá til þess að starfsemi Alþjóðahússins nái til landsins alls og styrkja sérstaklega ráðgjafar- og lögfræðipátt hennar.

Virðingarfyllt,
f. h. Mannréttindaskrifstofu Íslands
Reykjavík, 22. mars 2002,

Margrét Heinreksdóttir, frkv.stj.